

Deildarráð Hjúkrunarfræðideildar hefur samþykkt með vísan í 47. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 að taka við umsóknum um undanþágu frá formlegum inntökuskilyrðum um stúdentspróf vegna háskólaáranna 2015-2016 og 2016-2017. Umsækjandi um slíka undanþágu skal hafi lokið sjúkraliðanámi og jafnframt gilda eftirtalin skilyrði:

- Lágmarksaldur 25 ár
- 5 ára starfsreynsla sem sjúkraliði, í minnst 80% starfshlutfalli að meðaltali
- Lágmark 9 einingar í ensku, 15 einingar í íslensku og 6 einingar í stærðfræði

Umsóknarfrestur er til 5. júní 2015. Þeim sem samþykktir verða á þessum forsendum er heimilt að þreyta aðgangspróf (A-próf) til að hefja grunnám í Hjúkrunarfræðideild á næsta haustmisseri (2015), sbr. reglur um inntöku nýnema og inntökupróf í Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, nr. 24/2015. Inntökuprófið verður haldið 12. júní 2015.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á [heimasíðu hjúkrunarfræðideildar](#) og hjá Írisi Stefánsdóttur, verkefnastjóra grunnnáms í síma 525-4216.

Bestu kveðjur,
Íris

Íris Stefánsdóttir
Verkefnisstjóri/ Project Manager
Háskóli Íslands, Hjúkrunarfræðideild
Eirbergi, Eiríksgata 34, 101 Reykjavík
Sími/Direct tel. +354 525-4216
irisst@hi.is www.hjukrun.hi.is